



**22. Fundur byggðaráðs Blönduósbæjar
fimmtudaginn 19. mars 2015, kl. 17:00.**

Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

a) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 12. mars 2015

2. Drög að samþykktum fyrir Öldungaráð Blönduósbæjar

3. Markaðs-og kynningarmál Blönduósbæjar

4. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:

a) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 12. mars 2015

Lögð fram til kynningar

2. Drög að samþykktum fyrir Öldungaráð Blönduósbæjar

Fyrir fundinn liggja drög að Samþykktum fyrir Öldungaráð Blönduósbæjar.

Byggðaráð samþykkir að vísa samþykktunum til sveitarstjórnar til afgreiðslu.

3. Markaðs-og kynningarmál Blönduósbæjar

Róbert D. Jónsson mætti á fundinn undir þessum lið. Umræður urðu um markaðs-og kynningarmál Blönduósbæjar.

Byggðaráð samþykkir að opna fésbókarsíðu á vegum Blönduósbæjar.

Róbert yfirgefur fundinn.

4. Önnur mál

Lagður fram samningur við Róbert D. Jónsson um afnot Blönduósbæjar að ljósmyndum í hans eigu til nota í markaðs-og auglýsingaskyni á vegum sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir fjármunum til markaðs-og kynningarmála í fjárhagsáætlun 2015. Samningurinn verði fjármagnaður af þeim lið.



Byggðaráð samþykkir samninginn.

Óskað er eftir niðurfellingu fasteignagjalda gömlu kirkjunnar á Blönduósi.

Byggðaráð samþykkir að fella niður fasteignagjöldin á kirkjunni á Blönduósi fyrir árið 2015.

Kynntar voru hugmyndir að framkvæmdum við Blönduósvöll eftir fund tæknideildar með forsvarsmönnum Hvatar og USAH. Unnið verður áfram að málinu.

Framvæmdasjóður ferðamannastaða hefur samþykkt að styrkja kr. 1.780.000 vegna verkefnisins Hrótey, fólkvangur-uppbygging áfangastaðar. Styrkurinn er veittur til skipulagsvinnu og undirbúnings til að staðsetja gömlu Blöndubrúnna yfir í Hrótey í Blöndu. Markmið styrkveitingar er að bæta öryggi og auka aðgengi að Hrótey.

Lagt fram til kynningar.

Fundi slitið 19:20

*Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Guðmundur Haukur Jakobsson (sign.)
Oddný Gunnarsdóttir (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign)